

Umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar alþingis
um frumvarp umhverfisráðherra til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða
Frá mennta- og menningarmálaráðuneyti

8. maí 2019

Frumvarpið fjallar m.a. um menningarminjar innan þjóðgarða og nýjar friðlýsingar menningarminja og skarast þar með á við gildandi lög um menningarminjar nr. 80/2012. Frumvarpið snýr m.a. að verndun, kynningu og stjórnsýslu menningarminja, en þar er verksvið Minjastofnunar Íslands skilgreint skýrt í lögum um menningarminjar. Helst skarast frumvarpið á við ákvæði laga um menningarminjar er varða friðlýsingar og verndaráætlanir.

Samkvæmt gildandi minjalögum er það hlutverk Minjastofnunar að gera tillögu að friðlýsingu menningarminja til mennta- og menningarmálaráðherra. Óheppilegt er að búa til tvöfalt kerfi friðlýsinga þegar menningarminjar eru friðlýstar skv. lögum um Þjóðgarðastofnun og heyra undir umhverfisráðherra.

Samkvæmt frumvarpinu skal ágreiningur um framkvæmd laga um Þjóðgarðastofnun leystur af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og er sá úrskurður endanlegur á stjórnsýslustigi. Hér þyrfti að skýra hvað gerist er varðar ágreining sem snýr að menningarminjum, en þar gilda minjalög og að úrskurðir Minjastofnunar séu endanlegir á stjórnsýslustigi.

Hægt væri að leysa óheppilega skörun mismunandi laga sem og önnur vandamál sem varða valdsvið Minjastofnunar með því að samræma frumvarpið betur við lög um menningarminjar nr. 80/2012. Jafnframt að tryggð væri í frumvarpinu bein aðkoma Minjastofnunar að friðlýsingum þegar menningarminjar eiga í hlut sem og bein aðkoma Minjastofnunar að gerð stjórnunar- og verndaráætlana innan þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða. Með þessu mætti koma í veg fyrir að Minjastofnun sé skipuð í ráðgefandi hlutverki um málaflokk sem heyrir beint undir þá stofnun.